

# Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. („VÍS“)

## 12. mars 2015

Samantekt stjórnar um hlutafjäreign stærstu hluthafa og breytingar á eignarhaldi milli ára.

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 fer hér á eftir samantekt stjórnar um hlutafjäreign hluthafa VÍS. Að mati stjórnar gefa upplýsingar um 20 stærstu hluthafa félagsins nokkuð góða mynd af megineignarhaldi félagsins þar sem þeir eiga samanlagt um 70% hluta félagsins.

Skráð hlutafé VÍS er 2.502 milljónir króna, og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Hluthafar voru í ársbyrjun 2014 um 1300 talsins og í árslok voru þeir um 1100. Einn hluthafi átti meira en 10% hlutafjár í ársbyrjun, Klakki ehf., en enginn hluthafi náði þeirri stærð í lok árs 2014.

Á aðalfundi VÍS í mars 2014 var samþykkt að stjórn fengi heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé félagsins í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé þess. Heimildin gildir í fimm ár. Á árinu 2014 og það sem af er ári 2015 nýtti stjórn hluta af heimild sinni en VÍS hefur nú þegar keypt um 2,7% hluta í sjálfu sér með endurkaupaáætlunum. Eigin hlutum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Eftirfarandi aðilar mynda 20 stærstu hluthafa félagsins miðað við upplýsingar úr hlutaskrá þann 20. febrúar síðastliðinn:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Lífeyrissjóður verslunarmanna .....	9,6
Stefnir - ÍS 15 .....	6,6
Gildi - lífeyrissjóður .....	6,4
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild .....	6,4
Hagamelur ehf. ....	5,2
Stapi lífeyrissjóður .....	3,6
Virðing safnreikningur .....	3,4
SNV Holding ehf.....	3,0
Lífeyrissjóður.starfsm.rík. B-deild .....	2,7
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	2,7
Stefnir - ÍS 5 .....	2,4
Steinunn Margrét Tómasdóttir .....	2,4
Sameinaði lífeyrissjóðurinn .....	2,3
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga .....	2,2
Lífsverk lífeyrissjóður.....	2,2
Straumur fjárfestingabanki hf. ....	2,2
Frjálsi lífeyrissjóðurinn.....	2,1
Festa - lífeyrissjóður.....	1,5
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar .....	1,3
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda .....	1,3

VÍS á 99,93% hluta í Líftryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.